



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

**Kennslufræðileg nálgun á lagasmíðum og tenging
hennar við spuna**

Leið að skapandi námi

Magnús Þór Sveinsson

**Lokaverkefni til B.Mus prófs
Listaháskóli Íslands
Rytísk söng- og hljóðfærakennsla
Vorönn/Maí 2024**

Kennslufræðileg nálgun á lagasmíðum og tenging hennar við spuna

Leið að skapandi námi

Magnús Þór Sveinsson

Lokaverkefni til B.Mus -prófs í rytmískri söng- og hljóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Andrés Þór Gunnlaugsson

Rytmísk söng- og hljóðfærakennsla

Rytmísk-deild

Vorönn/Maí 2024

Útdráttur

Skapandi leiðir að kennslu hafa ekki verið í forgrunni íslenskrar námskrár tónlistarskóla eins og hún er í dag. Lagasmíðar og spuna er þáttur tónlistar náms sem gefur nemendum nýja leið til þess að nálgast námsefnið á skapandi hátt. Margar kennslufræðilegar rannsóknir á námi sýna það að skapandi hugsun nemandans sé árangursrík í kennslu. Þar með er skoðað hvort kennsla í listgreinum ætti ekki að fylgja því fordæmi. Farið verður yfir skilgreiningar á spuna og lagasmíðum og skoðað hvernig þessi hugtök tvinnast saman. Einnig verður farið í fræðilegan bakgrunn á lagasmíðanámi og spuna og skoðaðar kennslufræðilegar kenningar sem fjalla um listsköpun í námi. Tekin voru viðtöl við fjóra kennara um nálgun þeirra á kennslu í lagasmíðum og spuna. Kennararnir eru með ólíkan bakgrunn og mismunandi aðferðir við skapandi kennslu. Þessar aðferðir eru bornar saman og túlkaðar til þess að finna árangursríkar leiðir við skapandi tónlistarkennslu. Spurt var um skoðanir á vægi skapandi þátta eins og lagasmíðum í námsskrá, þær skoðanir voru teknar fyrir og túlkaðar. Niðurstöðurnar sýndu fram á að áhugi var fyrir því að lagasmíðar ættu að hafa meira vægi í prófum og að námskráin ætti að endurspegla það. Þannig gætu nemendur fengið frelsi til þess að læra á meira skapandi máta út frá eigin forsendum.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Inngangur..... | 5 |
| 1.Lagasmíðanám..... | 6 |
| 1.1 Lagasmíðanám- Námsskrá | 7 |
| 2.Spuni..... | 7 |
| 2.1Munur á spuna og lagasmíðanámi..... | 8 |
| 2.2Samþætting á spuna og lagasmíðum | 9 |
| 3.Viðtöl við aðra kennara | 11 |
| 3.1 Túlkun | 20 |
| Lokaorð | 21 |
| Heimildaskrá..... | 23 |

Inngangur

Hvað eiga *tónlistarskólar* að kenna? Þetta atriði hefur verið til umhugsunar í langan tíma. Þegar við lítum á orðið „tónlistarskóli“ þá gefur það auga leið að umfjöllunarefnið er fyrst og fremst tónlist, en hvernig er best að kenna tónlist? Þar sem tónlist er almennt kennd í gegnum tól sem við köllum hljóðfæri þá getur verið tæknilega krefjandi að spila hana. Þá er gott að einangra verk í smærri einingar til þess að komast að ákveðnum sannindum um hvernig flest tónlist er uppbyggð.

Ein birtingarmynd þess eru skalar og hljómar sem eru í grunninn bara ákveðið landslag tónheims á ákveðnum tímamarki í verki. Þar sem sumt landslag tóna birtist oft en önnur, þá ákveðum við að einblína meira á það hefðbundna landslag, eins og skalana dúr og moll. Þegar öllu er á botninn hvolft eru þetta einingar tónheims á tímamarki í verki. Skala-æfingar geta reynst vel við að tengjast þessum tónheimi í gegnum tæknilega kunnáttu, en að lokum er þetta bara einn þáttur af því sem við köllum tónlist. Sumir myndu ekki einu sinni flokka þetta undir tónlist.

Mikið er einblínt á þessar grunneiningar hefðbundnu tónlistarnámi á Íslandi, sem leiðir aftur að orðinu *tónlistarskóli* og nálgun hans á tónlist. Ef of mikilli athygli er beint að tækniæfingum er spurning hvort námið endurspeglar tónlistarlega þáttinn í orðinu „tónlistarskóli“? Þrátt fyrir þetta er meiri áhersla lögð á að læra lög sem samin hafa verið af öðrum lagasmíðum. Vissulega er þetta stærri þáttur í náminu og hér er verið að æfa það sem flokkast undir tónlist. Þrátt fyrir það er mikið einblínt á hvernig verkið er spilað og þá aðallega hvort það sé spilað eins og skáldið hafði hugsað sér það, þó að það sé líka rými fyrir einhverja túlkun. Þessi nálgun er stærri í klassíska heiminum. Í djassi er meiri einbeiting að eign túlkun og spuna þar sem sköpunargleðin fær að skína.¹

En komum nú aftur að orðinu tónlistarskóli og tónlist. Tónlist er ekki úr lausu lofti gripið. Tónlist er samin af fólki. Er verið nægum tíma í það að skapa einmitt það sem auglýst er í nafninu „tónlistarskóli“? Í öllum tónlistarskólum er námskrá sem kennurum eru úthlutað til þess að vinna námið út frá, og þar er fjöldinn allur af skólum, hljómunum og öðrum lögum sem hjálpa eflaust við að skilja tónlistartungumálið, en það er ekki það sama og að kenna lagasmíðar sem er grunnurinn að listsköpuninni sem allt hitt er unnið úr.

Lagasmíði er ein stærsta stöðin í tónlist þar sem við neytum tónlistar í gegnum lagasmíði annarra. Við hlustum ekki á skala, tækniæfingar eða hljómasetningar í daglegu lífi. Við hlustum á lög. Þó að þessir þættir gagnist gríðarlega vel í að öðlast færni á hljóðfærinu, sem myndi líklega nýtast í seinni tíma lagasmíðum, þá er oft ekki lögð nægileg áhersla á lagasmíðina sjálfa.

¹ Edwin Gordon, *Rating Scales and Their Uses for Measuring and Evaluating Achievement in Music Performance* (Chicago: GIA Publications, 2002), bls 5-10.

Hér mun ég reyna að tengja laga-smíðakennslu við aðra þætti hljóðfæranáms eins og til dæmis spuna og almenna skapandi hugsun. Þar sem ég er rytmískt menntaður þá mun ég aðallega fjalla um tengingu lagasmíða við spuna því að bakgrunnur minn og áhugasvið liggja þar. Ég mun fjalla um þá aðferð sem ég hef tileinkað mér og þróað áfram sem kennari og mun tala við samkennara um þeirra nálgun og hvernig má þróa hana áfram.

1. Lagasmíðanám

Tónlist getur verið hjálplegt tól í námi. Allt frá því að styrkja minni og auka vitræna færni yfir í það að leysa vandamál. Rannsóknir í taugavísindum hafa sýnt fram á að tónlistarkennsla geti bætt getu nemenda í almennu námi með því bæði að efla einbeitingu og einnig hefur námið örvandi áhrif sem hjálpar við tengingu taugakerfa sem nýtast í aðra þætti náms. Það sem tónlistarkennsla getur einnig náð að skapa, er skemmtileg nálgun við krefjandi verkefni. Með því að virkja nemendur í námsferlinu á skapandi máta þá getur tónlistarnám valdið því að nemandanum finnst hann ekki vera í „námi“. Enn fremur er tilfinningin við að semja lag einnig mjög gefandi og rannsóknir sýna að lagasmíð í námi getur stuðlað að betri sköpunargáfu og lausnamiðaðri hugsun. Lagasmíði getur einnig hjálpað ungum nemendum að tengjast jafnöldrum sínum sem stunda líka lagasmíðar, þar með gefur þetta þeim mikla innsýn inn í hvernig önnur lög eru uppbyggð. Með því að nemandinn taki meiri þátt í kennslunni þá geta þeir fengið að láta í ljós efasemdir sínar um innihaldið á frumsömdu verki og unnið að því að betrubæta það. Auk þess er sá möguleiki á að fá að semja lag einnig hvetjandi fyrir nemendur til að samþætta sína persónulega þekkingu, reynslu og tjáningu inn í námið. Nemendur geta framleitt hágæða lög, rík af innihaldi, ef næg aðstoð er veitt af leiðbeinendum. Niðurstaða rannsóknar Alves et al. Hjá Department of Psychobiology, Universidade Federal de São Paulo, São Paulo, Brazil leiddi í ljós að lagasmíði reyndist vera gott tól í námi en nemendur sem tóku þátt í tónsmíði mundu meira af námsefninu, fleiri smáatriði og mundu lengur eftir efninu.²

1.2. Lagasmíðanám- Námskrá

Í bæði klassísku og rytmísku námskránni stendur nemendum til boða að flytja frumsamið lag í áfangaprófum sem eru flokkuð í grunn, mið og framhaldspróf eftir getustigi nemenda. Þar sem

² Marcus Vinicius Alves, Marina Rezende, Guilherme Julian, og André Bedendo, „More than Words: Teaching Neurosciences by Songwriting.“ *International Journal of Psychology and Neuroscience*, 1 (desember 2017):17-19.

Þetta er valkvætt er einnig hægt að spila verk á annað hljóðfæri eða leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd. Það er ekki skylda að semja nýja tónlist og þar með er hægt að fara í gegnum alla sína tónlista skólagöngu án þess að þurfa að semja lag. Af þessum 76 fánlegu einingum í áfangaprófi eru aðeins 10 einingar settar undir valið. Þá er hægt að reikna út að valið eru u.þ.b. 13 prósent af heildareinkunn áfangaprófsins. Þar sem lagasmíðin er líka valkvæður þáttur í þessum hluta prófs þá er gildið orðið enn lægra³.

2. Spuni

Áður en farið er yfir spuna í fræðilegu samhengi þá er mikilvægt að skilgreina fyrst hvað þetta hugtak felur í sér. Nokkrar skilgreiningar hafa verið lagðar fram sem beinast að sérstökum þáttum spuna. Sumar núgildandi skilgreiningar sem dregnar eru úr orðabókum og alfræðiorðabókum undirstrika bæði tónsmíðavíddina og einnig skjótleika skapandi tjáningar í spuna. Að semja ljóð/vísur án undirbúnings, finna upp tónlist án fyrri undirbúnings, búa til tónlist í rauntíma eða skapa eða búa til eitthvað með því að nota það sem er í boði, eru nokkur dæmi um skilgreiningar á spuna⁴. Aðrar skilgreiningar, eins og að semja og flytja samtímis, benda á margbreytileikann sem felst í spuna, þó að nokkrar rannsóknir hafi sýnt að tónsmíðar og útsetningar hafa mismunandi hlutverkum að gegna samanborið við spuna⁵. Sumar aðrar skilgreiningar leggja áherslu á ákveðna frammistöðuvídd sem einstakan þátt í spuna, svo sem óundirbúinn flutningur sem er algjörlega kominn úr ímyndunarafli hljóðfæraleikarans, þar sem flytjanda er frjálst að tjá persónuleika sinn með framkomu sinni sem leikari, tónlistarmaður o.s.frv. sem hann hefur ekki æft eða skipulagt fyrirfram⁶.

³ „Námskrár.“, sótt 10 desember 2023, <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>.

⁴ „Definition of IMPROVISE,“ sótt 30 nóvember 2023, <https://www.merriam-webster.com/dictionary/improvise>.

⁵ Christopher D. Azzara, „Improvisation.“ Í *The New Handbook of Research on Music Teaching and Learning: A Project of the Music Educators National Conference*. Richard Colwell og Carol Richardson ritstýrðu, 171-188, (New York: Oxford University Press, 2002), bls 171- 176.

⁶ Martin Norgaard, „Descriptions of Improvisational Thinking by Artist-Level Jazz Musicians.“ *National Association for Music Education*, 59 (júni 2011): 109-110, /doi/abs/10.1177/0022429411405669.

2.1

Munur á Spuna og lagasmíðum

Nokkrar rannsóknir hafa rýnt í hvað sé líkt og ólíkt í spuna og tónsmíðum. Málið snýst um að skilgreina hvort þessi vinna einkennist af eigindlegum eða meginlægum mun á eðli þeirra ferla sem um ræðir. Hinar ýmsu skilgreiningar og líkön lýsa því yfir að spuni sé sköpun og flutningur tónlistar í rauntíma, á meðan tónsmíð inniheldur ígrundunarferli sem felur ekki í sér að búa til tónverkið samstundis. Hægt er að þróa samsetningarferli og uppbyggingu lags án þess að það sé línulegt, sem skapar flókna ramma sem hægt er að leika sér með. Þar með líkist það vinnuferli öðrum greinum eins og stærðfræði, eðlisfræði og raungreinum.⁷ Við tónsmíðar er hægt að þróa og endurvinnna tónlistarefnið hvenær sem er með fullri stjórn á efninu. Tónverkið er afrakstur tónsmíðaferlisins og það er hægt að meta það, breyta, endurskoða og leiðrétta mistök eða kynna endurbætur. Aftur á móti er spuni óafturkræf aðgerð; það er ekki hægt að stöðva framkomuna, fara til baka og rifja upp. Hins vegar er hægt að breyta væntanlegri framkomu á meðan spuna stendur. Spuni hefur aðlögunarhæft og gagnvirkt eðli, og frammistaða gæti verið skoðuð, stillt og henni breytt í rauntíma.

Spuni og tónsmíðar eru mismunandi og fela í sér sérstaka vitræna færni fyrir hvort tveggja. Spuni er ein og samfelld athöfn en tónsmíði er ósamfelld athöfn sem byggir á möguleikanum á að endurskoða. Samsetning gerir manni kleift að hanna tónverk með mjög flóknu vinnuferli, sem erfitt er að ná með spuna, eða að minnsta kosti er erfitt að hafa fulla stjórn á öllum þáttum framkomunnar. Þessi dýnamík er sérstaklega áberandi þegar samið er tónverk fyrir stórar sveitir eða hljómsveitir þar sem hægt er að fylgjast vel með þróun allra þátta tónlistarinnar. Á hinn bóginn, meðan á spuna stendur, er hægt að skilgreina tónlistarþróun nokkuð nákvæmlega þegar það er aðeins einn flytjandi að spinna, en þegar það eru fleiri tónlistarmenn sem eru að spinna samtímis er tónlistarþróunin háð breytileikanum sem hver flytjandi kynnir. Í samspilsspuna er tónlistarumgjörðin dregin fram af samsetningu ófyrirsjáanlegra þátta flutningsins og samhengið og samskiptahreyfingin ræður breytileika spunans⁸.

⁷ Andreas C. Lehmann og Reinhard Kopiez, „The Difficulty of Discerning between Composed and Improvised Music.“ *Musicae Scientiae*, 14 (september 2010): 113-129, <https://doi.org/10.1177/10298649100140S208>.

⁸ Ed Sarath, „A New Look at Improvisation.“ *Journal of Music Theory*, 40 (1996): 8-38, <https://doi.org/10.2307/843921>.

2.2

Sambætting á Spuna og Lagasmíðum

Með því að setja skipulagða spuna og lagasmíðakennslu í námskrá þá getur það gert kennurum kleift að veita nemendum sínum alhliða tónlistarkennslu sem er staðla miðuð. Þessu ætti að vera hægt að koma inn í tímaramma tónlistarkennslu þrátt fyrir þann takmarkaða tíma sem er gefinn upp í hefðbundinni skóladagskrá⁹. Reimer mælti með yfirgripsmikilli tónlistarnámskrá til að þróa allar þær margvíslegu gáfur tónlistarnema og hvatti kennara til að byrja að efla hagnýta skapandi hugsun hjá nemendum á fyrstu stigum náms: jafnvel í upphafi söng- og hljóðfæraleiks-kennslu. Þannig er hægt að skapa tækifæri til þess að framkalla skapandi vinnu í bæði tónsmíðum og spuna, sem tengjast beint huglægu námi í kennslustofunni¹⁰. Með því að setja þetta inn í námskrána er hægt að gera þetta mögulegt og þar með hefur þetta jákvæð áhrif á nám nemenda sem byggist á kennslufræðilegum og sálfræðilegum grundvelli.

Þegar krakkar fá kost á því að tileinka sér spuna og að semja lög, sem væri eðlileg uppspretta af samtengdri og gagnvirkri námskrá, þá væri það í takt við margar kenningar um nám. Strax á 19. öld skrifaði svissneski kennarinn Johann Pestalozzi¹¹ að menntun ætti að fela í sér að læra að beita ýmsum leiðum til þess og iðka hugtök til stuðnings náminu sem samtinnast kennslunni allri í heild en ekki sem sértækum þætti náms sem þarf að einangra. Það ætti að nálgast þessa tvo þætti námsins á sama tíma þar sem þeir tengjast hverjir öðrum. Þannig væri hægt að samtvinna tæknilega þætti og fræðilegum hugtökum við það að iðka lagasmíðar og spuna.

Sýn John Dewey fól í sér kennslu- og námsumhverfi þar sem einstaklingnum var leyft að kanna og sinna áhugamálum sínum og getu. Hann taldi að börn hefðu fjögur áhugamál: (a) samtal eða samskipti, (b) að rannsaka, (c) að byggja eða búa til hluti og (d) listræn tjáning sem sýnir sig sem náttúruleg tjáning í gegnum uppsprettu reynslu þeirra¹². Tónsmíðaverkefni sem gefin væru út af kennslusamfélaginu í gegnum námskrá í tónlistarskólum væru í takt við skilning Dewey á börnum í menntaumhverfi. Dewey lagði einnig áherslu á mikilvægi skipulags og skilvirkni í

⁹ Bennett Reimer, *A Philosophy of Music Education: Advancing the Vision*, 3. útg. (New York: State University of New York Press, 2022), bls 122-128.

¹⁰ Reimer, *A Philosophy of Music Education*, bls. 128-135.

¹¹ Michael Mark og Charles L. Gary, *A History of American Music Education*, 3. útg. (Maryland: Rowman & Littlefield Education, 2007), bls 215-220.

¹² John Dewey, *The School and Society and The Child and the Curriculum*, 2. útg. (Chicago: University of Chicago Press, 1956), bls. 30-34.

menntun. „*Organization is nothing but getting things into connection with one another so that they work easily, flexibly and fully*“¹³. Þessu væri hugsanleg hægt að ná fram í almennum tónlistartíma þegar námsefni tengist skapandi starfi og skapandi starf er uppspretta og stuðningur við námsefnið.

¹³ John Dewey, *Democracy in Education. The Elementary School Teacher*, (Chicago: The University of Chicago Press, 1903), bls 204.

3. Viðtöl við aðra kennara

Tekið var viðtal við 4 tónlistarmenn sem hafa spilað og kennt í langan tíma. Þeir eru allir hljóðfærleikarar, tveir gítarkennarar, einn píanókennari og einn saxófónkennari. Í þessu meginlega viðtali fá viðmælendurnir dulnefnin kennari 1, kennari 2, kennari 3 og kennari 4. Allir viðmælendur eiga það sameiginlegt að kenna einhverja lagasmíði en aðeins kennari 2 og kennari 4 kenndu skipulagða hóptíma í lagasmíði. Allir kennarar kenna einhverja lagasmíði í einkatímum en með mismikilli áherslu. Kennarar 1, 2 og 4 kenna á menntaskólastigi og háskólastigi en kennari 3 kennir á grunnskólastigi. Allir kennarar eru rytmískt menntaðir nema kennari 2 en hann er einnig klassískt menntaður. Kennararnir eru frá aldrinum 32 ára til 62 ára og hafa það allir sameiginlegt að hafa samið mikið af tónlist og gefið út mikið af lögum.

1. Spurning: Hvað leggur þú áherslu á í kennslu

Kennari 1:

Ég legg áherslu á að nemandi sé mótiveraður af eigin áhuga og að hjálpa nemendum að finna sína leið einhvern veginn án þess að troða í kokið á þeim einum sannleik. Ég er að hjálpa þeim að uppgötva. Að þetta sé sjálfsprottin uppgötvun í gangi og hann sé mótiveraður af sinni eigin forvitni.

Kennari 2:

Ég legg aðallega áherslu á spuna og þjálfun og skilning á þeim hlutum. Tengingu við hlustun og skilja og að heyra grunnatriði, kynnast hljómmum, eðli þeirra og virkni

Kennari 3:

Vera næs! Númer eitt tvö og þrjú að krökkunum líði vel og við getum gert eitthvað sem endar á því að vera gaman, það er númer eitt tvö og þrjú.

Kennari 4:

Almennt séð fyrst og fremst reyni ég að kenna fólki eitthvað sem það hefur áhuga á. Ég held að það sé mjög æskilegt að allir fá að vinna svolítið út frá sínu eigin áhugasviði. Það er þó hægt að víkka út áhugasviðið smám saman en það er alltaf ákveðin hætta á að kæfa þennan áhuga og neista sem er til staðar ef maður er að reyna að þröngva einhverju á fólk. Best er að reyna að vinna út frá þeirra áhugasviði, helst að reyna að læra sem mest í gegnum lög frekar en í gegnum fræðilega þekkingu. En svo vil ég helst að nemendurnir fari frá mér með nægilega mikið af tækjum og tólum til þess að vera sjálfbjarga svo þeir geti búið sér til sínar eigin æfingar og komist sjálfir í gegnum hluti

2. Spurning: Hvernig hefur kennslan þín þróast?

Kennari 1:

Fyrst var ég sérfræðingurinn sem var handhafi þekkingar og var að segja fólki hvernig hlutirnir áttu að vera. Það var fínt og í raun miklu auðveldari kennsla að segja „svona geri ég þetta og svona er þetta“. En síðan með tímanum þá fer kennsluaðferðin meira að miðast við einmitt þetta. Að nemandi fái að finna sjálfan sig í náminu og að fókusinn færist af sjálfum mér og yfir á nemandann.

Kennari 2:

Hún hefur orðið persónulegri eftir mismunandi nemendum og hún hefur orðið praktískari varðandi spunamálin. Ég byggi á þeirri reynslu sem ég hef öðlast og það hefur leitt mig inná ýmsar brautir og meðal annars að fjalla ekki um of marga hluti í einu heldur að ná góðum tókum á vissum hlutum áður en er farið í aðra hluti. Hugmyndin er að þetta verði ekki bara einhver teoría heldur að þetta sé raunverulega eitthvað sem maður getur gert og búið til músík úr.

Kennari 3:

Ég er orðinn skipulagðari og hnitmiðaðri og hef meira úr pokahorninu að draga þegar koma stundir þar sem þarf að dila við viss vandamál í tímum, og með „vandamálum“ þá meina ég svona spila vandamál og tæknivandamál kannski.

Kennari 3:

Hún hefur þróast bara helling. Maður lærir inná þetta eins og allt annað. Að miklu leiti hefur hún þróast þannig að hún er ennþá meira nemendamiðuð. Ég er meira að nálgast hlutina út frá forsendum þeirra sem ég er að kenna frekar en endilega þeim forsendum sem ég lærði af. Ég er allavega búinn að átta mig á því að það eru mjög margar leiðir til þess að láta sér fara fram í músík. Það er ekki bara einhver ein leið sem er möguleg þannig það er allt í lagi að kanna þær sem að henta nemandanum best.

3. Kennir þú lagasmíði?

Kennari 1:

Ekki beint, nema þegar nemandi kemur með lögín sín til mín og ég bendi þeim á einhverja hluti. Ég kenni að því leiti að það felst í því að þegar maður er að fást við einhver lög, þá er maður að skoða og greina lögín ofan í kjarnann og þar felst einhver kennsla í því hvernig lögín eru saman sett og þá síast inn einhver aðferðafræði.

Kennari 2: Já

Kennari 3: Já

Kennari 4: Já

4. Hvernig byggir þú upp þína lagasmíðakennslu?

Kennari 1:

Miðast við viðfangsefni sem maður er með í höndunum á hverju sinni. Ef ég er að hjálpa nemanda að vinna í sínu eigin lagi þá reynir maður að horfa yfir heildarmyndina og sér hvernig

Þetta þróast og hvað gæti verið öðruvísi og maður stingur kannski uppá einhverju ef manni finnst að eitthvað mætti betur fara. Mikilvægt er þó að hafa það með að smekkur nemandans þarf að vera virkur og að hann sé að taka afstöðu. Mér finnst fínt að sína möguleika en láta svo nemandann sjálfan taka afstöðu og fá að vita hvað honum finnst vera besta leiðin

Kennari 2:

Ég hef bæði kennt hóptíma og svo hef ég kennt töluvert oft í einkatímum líka með hljóðfærakennslu. Það var mjög algengt, sérstaklega á fyrri árum FÍH að nemendur sem voru að útskrifast, maður var að skoða löginn þeirra líka, sérstaklega á síðasta árinu. Það var ekki sérstök uppbygging í því heldur en bara að skoða og bregðast við og gera tillögur. Í svona bekkjarkennslu þá byggji ég hins vegar bara á afmörkuðum verkefnum sem taka á einni grunn hugmynd í einu. Og þar reyni ég líka að tengja við hlustun, alvöru verk og reyni að láta nemendur læra af því sem aðrir hafa gert.

Kennari 3:

Fer eftir aldurshóp. Ég kenni lagasmíð alveg niður í byrjendahóp og þá er það meira interactíf lagasmíði. Þá kannski skrifa ég uppá töfluna átta hljóma sem passa vel saman og svo spila ég einhverja takta og krakkarnir eiga að fylla í boxin og svo hlustum við á allar uppástungur og veljum svo hvað okkur finnst flottast og svoleiðis, við notum aðferðir þar sem eyrun eru í miklu stærra hlutverki heldur en ef þú ert að læra kannski eitthvað eins og „þetta lag er í g dúr krakkar því að þið völduð þessa hljóma blablabla“. Svo þegar krakkarnir verða aðeins eldri þá nota ég mjög svipaða aðferð en flækjustigið verður alltaf meira og ég tek minni þátt í því og svo hlustum við líka mikið á lög og greinum þau og prufum að búa til okkar eigin lög með sömu beinagrind. Allt í mjög lýðræðislegum fíling.

Kennari 4:

Það fer svolítið eftir því hvort ég er að kenna í hóptímum eða ef ég er að kenna í einkatímum. Í lagasmíðum snýst þetta að mestu um að láta fólk gera og framkvæma, bara að búa til eitthvað, hvort sem það er raunverulega gott eða slæmt, eða hvort það er í einhverjum ákveðnum stíl. Sérstaklega í byrjun snýst þetta bara um að klára lög. Bara að búa til lag og setja punktinn fyrir aftan það og segja „núna er þetta tilbúið og tími á það næsta“. Bara að framleiða og framleiða.

Oft þarf maður bara að moka flórinn þangað til að maður kemur að einhverju gulli. Síðan þarf að ná að tengja ákveðinn skilning við það sem maður er að gera. Maður verður að átta sig á því að í fyrsta lagi er búið að semja svo mikið að það er ekki eins og það sé eitthvað nýtt undir sólinni þannig að það eru allskona hlutir sem er gagnlegt að kunna eins og t.d. hvernig eru form? Hvernig er hægt að tala um hljómaganga? Hvernig er hægt að tala um laglínur og útsetningar og svo framvegis, ekki bara svo að þau skilji sín lög, heldur líka til þess að þau geti talað um lögin með þeim sem ætla að spila með þeim. Þannig að það er mikilvægt að byggja upp smá orðaforða og skilning á því sem maður er að gera svo það sé hægt að vinna með það áfram. Svo er mikilvægt að læra af öðrum lagasmiðum, bara hreinlega að kanna það sem kveikir í manni sjálfum. Af hverju eru einhver ákveðin lög sem tala til manns og hvað get ég lært af þeim?

5. Tengir þú þína lagasmiðakennslu við spuna?

Kennari 1:

Já, ég er mest í því að kenna spuna og spunaaðferðir og mér finnst þetta vera mjög tengt því að í rauninni er spuni bara tónsmíðar í rauntíma

Kennari 2:

Ég hef ekki beinlínis gert það í lagasmiðakennslunni sjálfri. Hins vegar þegar ég er að kenna fólki á privat level. Þá geri ég það dálítið. Þá er maður oft að velta upp þessum möguleika að það sé mjög sniðugt að takast á við einhver krefjandi verkefni í spunahliðinni og hljóðfæra tæknilegu hliðinni í gegnum eigin tónsmíðar líka. Segjum að við séum að reyna kynna okkur eitthvað eða ná tökum á einhverju, ákveðnum takt-tegundum, dim sándinu eða hvað sem það er, þá að semja lög sem innifela það. Þá verður það hálfgerð rannsókn í gegnum tónsmíðar. Það er hlutur sem ég nota töluvert sjálfur og ég veit að margir gera.

Kennari 3:

Þetta er náttúrulega svona slow motion spuni þar sem þú getur ýtt á control z og breytt því sem þú gerðir á undan, en þegar ég er með hóp þá nýti ég mér spuna þegar við erum að semja laglínuna. Þegar krakkarnir eru opnir og ekki feimnir þá býð ég þeim að prufa að raula eitthvað

yfir til dæmis hljómaganginn á meðan við spilum hann, ef það kemur eitthvað flott þá er ég mjög fljótur að benda á og segja „hey vó þetta var kúl“ og svo lærum við öll að spila þá laglínu sem spratt upp úr spunanum, þannig að það er visst spuna eliment og líka til dæmis ef það er fyrir fram saminn texti þá prufum við að tala textann yfir lagið rytmískt og þá finnur maður oft svona hvernig rytminn getur verið í laglínunni og það er allt svona spunatengt líka þannig ég myndi segja að ég tengi alveg mikið af spuna

Kennari 4:

Það er svolítið misjafnt eftir því hvað er verið að fást við en í langflestum tilfellum þá tengist þetta, því það er ætlunin hjá flestum rytmískum nemendum að það sé einhver spuni með. En jafnvel þó að það sé ekki meiningin þá bendi ég á hvað það er oft mjög gjarnan líkindi á spuna og lagasmíðum. Það eru svo mikið af þessum elimentum eins og mótíf og úrvinnsla á hugmyndum og svona eru bara náskyld þannig ég held að fyrir flesta þá er það best að skoða hvoru tveggja með hliðsjón af hinu. Ef þú ert að spinna þá er gagnlegt að skoða lagasmíðar og hvernig þú getur nýtt þér þau tæki og tól í því og það getur verið gagnlegt fyrir þig að semja hreinlega lög því það gerir þig markvissari í spunanum. Ef þú ert bara að semja og hefur ekki verið að spinna, þá er góð leið til þess að fara inn í spunann með því að taka eliment sem þú lærðir í lagasmíðum. Þetta er alveg nátengt þannig að ég held að það sé bara gagnlegt fyrir alla að skoða það í samhengi.

6. Hversu mikilvæga telur þú spunakennslu vera í námi?

Kennari 1:

Mikilvæg að því marki að nemandi hafi áhuga. Það eru ekkert allir nemendur sem hafa áhuga á því að spinna og það er ekkert verra en að vera kenna nemenda sem hefur engan áhuga á því að spinna og hefur ekki kveikt á perunni um hvað spuni er. Og hvað er spuni svo sem? Það er að reyna að kalla eitthvað fram í rauntíma og það byggir náttúrulega á einhverri þekkingu sem er nú þegar til staðar nema ef að menn ætla algjörlega bara að spila random og kaótískt sem er líka náttúrulega möguleiki. Fyrst þarf að skilgreina hvað er átt við með spuna. Ég meina spuni innan þessa djassramma þar sem alltaf er verið að tikka í ákveðin box og spila þennan skala við þennan hljóm. Það er eitt sko. En kannski raunverulegur spuni er þegar þú spilar eina nótu, svo

spilar þú aðra nótu svo sérðu hvert það leiðir þig. Það er í raun og veru raunverulegur spuni og til að það sé virkt þá þarf að kveikja á einhverjum innri fókus.

Kennari 2:

Númer 1.2.3.4.5 og 10. Í rytmísku tónlistarnámi allavega fyrir þá sem eru djassmiðaðir, svo það sé greint á milli djass og popp fólks, fyrir djassfólk þá er spuni bara allt reputarið. Þar sem klassískt fólk spilar verkin sín þá er það spuninn hjá okkur sem er megin atriðið, að ná tökum á þessu, og að mörgu leiti hafið yfir hljóðfæri. Þannig já algjört aðalatriði. Í klassísku námi þá held ég að hann ætti að vera kynntur fyrir krökkum eitthvað pínulítið og svo þegar fram líða stundir þá kemur í ljós að það kveikir í sumum og sumum ekki og svo er það auðvitað bara allt í góðu lagi með klassískt nám eins og það er, það þarf ekki að pína alla í þetta en ég held að það sé jákvætt að kynna þetta og það er hægt að nota þetta tæki til þess að styðja aðra námsþætti í klassísku námi jafnvel þótt fólk ætli ekkert lengra með þetta.

Kennari 3:

Æji ekki neitt. Allavega ekki eitthvað krúsjalt, ég meina ef að nemandinn er þannig hugsandi og myndi græða á því þá er það bara bráðnaðsynlegt og ef að nemandinn er ekki þannig þá skiptir það bara engu máli

Kennari 4:

Það fer náttúrulega eftir hvað fólk ætlar að gera og í hvaða námi það er. Ef þú ert í klassísku námi þá er það ekki nærri jafn mikilvægt eins og það er í rytmísku námi. Ég tala nú ekki um ef þú ert í rytmísku námi sem tengist eitthvað djass eða spuna. Annars held ég að það sé öllum mjög hollt að geta spunnið en það þarf ekki einhver í klassísku námi að sökkva sér í það á sömu forsendum og sá sem er að spila djass. En hins vegar bara þetta að geta spilað eftir eyranu, hvað sem það er og geta samið eitthvað náð einhverju músíkölsu upp úr sér án einherrar forskriftar er öllum mjög hollt held ég. Spuni er eitthvað sem hefur viðgengist frá byrjun tónlistar, þannig varð tónlist til löngu áður en fólk fór að spila eftir einhverri forskrift. Fólk þurfti að finna upp t.d. rythma og laglínu þannig ég held að það sé bara öllum holt að vera skapandi á þann máta. Þetta gefur þér líka bara smá sannfæringu um að þú hafir einhverskonar tengsl við einhverja tónlist án þess að þurfa að lesa hana þannig að spuni getur gert fólk sjálfbærara og valdeflir það

á ákveðinn hátt af því að þú hefur stjórn á því sem þú vilt gera. Þetta er öllum nauðsynlegt og hollt

7. Hversu mikilvæga telur þú lagasmíðakennslu vera í námi?

Kennari 1:

Ég veit það ekki. Ég tel það mikilvægt að fólk sé að smíða lög og það er fínt ef þau fá hjálp við það en ég held að bestu lagasmíðir heimsins hafi ekkert endilega verið svona góðir af því að þeir lærðu það eitthvað rosa mikið en það er alltaf hægt að hjálpa fólki og benda þeim í réttar áttir, en það getur komið upp sú staða að nemandinn sé miklu betri lagasmíður en kennarinn. Auðvitað er hollt hvort sem það er í lagasmíðum eða öðru að það sé hollt að skoða ýmsa aðferðafræði, það getur hjálpað. Sumir vilja stilla hæfileikum og fræðilegu námi sem einhverjum andstæðum en það er það ekki því það er hægt að læra ótrúlega mikið úr því að greina hluti og það á að gilda um lagasmíðar eins og allt annað. Ljóðskáld yrkja samkvæmt einhverjum bragarháttum eða gefa sé einhverja tiltekna ramma og ramar eru góðir því að þeir geta vísað þér veginn og það er fínt að einmitt kynnast ýmsum aðferðum og það getur hjálpað fólki af stað og komið með annarskonar uppástungur ef að menn lenda í ógöngum.

Kennari 2:

Í ryrmísku námi er hún gríðarlega mikilvæg og þá er sama hvort við séum að tala um djass eða popp hliðina út af því að það er bara þannig í þessum greinum að nánast allir flytjendur eru höfundar, sérstakleg á djasshliðinni, trommuleikarar og bassaleikarar eru höfundar líka. Í poppinu eru kannski ekki alveg jafn margir. Ég er ekki viss um að allir trommarar séu höfundar þar, en það er samt alveg líka klárlega meiri hluti fólks á einhvern hátt bæði flytjendur og höfundar. Stór partur af tjáningu fólks í þessum bransa öllum í sinni víðustu merkingu er í gegnum eigin tónsmíðar. Þannig ég held að það sé gríðarlega mikilvægt

Kennari 3:

Geggjaður option þar sem þú lærir svo mikið af því að semja þín eigin lög. Að þurfa að hlusta til baka á það sem þú ert að reyna búa til er mjög nytsamlegt. Þetta getur þannig opnað eyrun voðalega mikið. Mér finnst það vera eitthvað sem gefur rosalega mikið

Kennari 4:

Svolítið svipað og þetta með spunann. Ég held að það sé öllum holt að semja. Að semja lög getur hjálpað manni að átta sig á því hver maður er sem músíkant, jafnvel þó að það myndi bara sannfæra mann um að maður vilji bara spila tónlist eftir aðra. „Þetta er ekki mitt forte, mér finnst gaman að spila fyrir fram skrifaða tónlist“ og það er bara fint í sjálfum sér. Að prufa að semja er lærdómsríkt og mjög þroskandi þannig ég held að það ætti að vera element í allri kennslu. Mér finnst að þetta ætti að vera hluti af því sem ætlast er til að nemendur manns geri í skólagöngunni og helst að þeir geri það markvisst yfir einhvern tíma. Í rytmísku námsskránni þá er ekki beinlínis ætlast til þess að þetta sé valliðurinn áfangaprófum og mér finnst að það ætti að vera meiri áhersla lögð á lagasmíðar í námsskránni. Það ætti alveg hiklaust að mega nota eigin tónsmíðar sem listalag og þess vegna aðallag. Sköpunarnálgunin í námsskránni ætti að vera meiri þungamiðja en hún er almennt.

3.1 Túlkun

Lagasmíðin er greinilega þáttur sem þessir kennarar hafa velt mikið fyrir sér. Í almennri kennslu þá eru þeir sammála því að mikilvægt sé að koma til móts við nemandann, láta þeim líða vel og komast að því hvar áhuginn hjá þeim liggur. Ef það er svo áhugi fyrir lagasmíðum þá er hægt að kafa dýpra, en svo er gott að átta sig á því að sumir eru bara sáttir með það að spila tónlist. Kennarar 2 og 4 voru sammála um að gott væri að hafa einhvern grundvallar spuna part af kennslunni á meðan Kennari 1 og 3 settu ekki eins mikla áherslu á spuna og sögðu að það skipti máli hvort nemandinn hefði áhuga. En þegar spurt var hversu mikilvæga þeir töldu lagasmíðakennslu vera, þá voru allir sammála um að hún væri að einhverju leyti mikilvæg. Kennari 4 vildi sjá meiri áherslu á lagasmíðar í námsskrá og leifa nemendum að hafa frumsamin lög á lagalista sem aukalög og jafnvel aðallög. Einnig benti einn kennari á að það skipti máli hvort verið væri að ræða um þetta í klassísku eða rytmísku samhengi þar sem lagasmíðahefðin er mun ríkari í rytmískri tónlist, á meðan klassísk tónlist miði stundum meira við framkomu og flutning frægra verka.

Samþætting á spuna og lagasmíðum kom greinilega fram hjá öllum kennurum og flestir bentu á að spuni væri eins og lagasmíðar í rauntíma. Ýmsar kennsluáðferðir tengdar lagasmíðum nýttu þeir sér líka til þess að byggja upp spunakennslu, eins og kennari 2 talar um. Þar leggur hann áherslu á að semja sín eigin sóló til þess að kynnast ákveðnum spuna aðferðum. „*Segjum að við séum að reyna kynna okkur eitthvað eða ná tökum á einhverju, ákveðnum takt-tegundum, dim sándinu eða hvað sem það er, þá að semja lög sem innifela það. Þá verður það hálfgerð rannsókn í gegnum Tónsmíðar*“.

Einnig er hægt að nýta sér spuna til þess að semja lag. Kennari 3 nýtir sér ákveðna aðferð fyrir unga nemendur, þar sem takmarkið er að semja laglínu yfir ákveðinn hljómagang. Til þess að ná því í gegn þá úthlutar hann sínum nemendum ákveðnum nótum sem passa yfir þennan hljómagang og svo þegar nemandinn byrjar að spinna yfir hljómaganginn þá er kennarinn á varðbergi yfir flottum frösom. Þá stoppar kennarinn spunann og biður nemandann um það að endurtaka frasann. Þar með er nemandinn allt í einu búinn að semja lag út frá sínum eigin spuna og hægt er að breyta og bæta út frá því seinna. Með því að nýta spunann svona og samtvinna hann með lagasmíðum þá getur opnast nýr heimur fyrir unga nemendur til þess að vinna sínar lagasmíðar út frá.

Niðurlag/lokaorð

Lagasmíðar og spuni eru stórar stoðir í tónlistargreinum. Í núverandi námskrá er takmörkuð áhersla sett á lagasmíði. Ef skortur er á kynningu og aðgengi á spuna og lagasmíðum í námskránni, þá má velta fyrir sér hvort það sé yfirhöfuð forsenda fyrir því að nemendur iðki þessar listgreinar. Ef kynning, aðgengi og iðkun á þessum þáttum tónlistarlífsins er sett fram í nýrri námskrá, þá gæti það lagt grunninn að mikilli listsköpun í íslensku tónlistarlífi í framtíðinni. Einn rauður þráður sem kom fram í viðtölunum var opinn hugur fyrir enn meiri listsköpun í tónlistarkennslu. Margar þeirra aðferðum við t.d. lagasmíðar voru fyrir utan ramma námskrár, og sem betur fer þá hindraði það ekki þessa kennara í því að kenna þennan þátt í almennri tónlistakennslu. En ef sú forsenda er ekki fyrirfram ákveðin í námskrá þá er ekki eins mikill grundvöllur og hvatning sett fyrir aðra kennara til að kynna nemendur sína fyrir þessum þáttum tónlistarnámsins.

Bakgrunnur kennara sem starfa í dag er fjölbreyttur og ekki er víst að þeir séu búnir að kynna sér kennslufræðilega nálgun á lagasmíðum. Hægt væri að breyta því með t.d. námskeiðum og endurmenntun. Nemendur sem stunda rytmískt kennslufræðináms stendur til boða að skrá sig í lagasmíðaáfanga og einnig eru lagasmíðaáfangar í MÍT og FÍH. Með því að auglýsa þessa áfanga betur eða hugsanlega gera þá að meira mæli skylduáföngum til útskriftar, þá væri meiri hvatning til þess að nýta sér þá í kennslu. Þá kæmu in fleiri kennarar inn á starfsvettvang með umfangsmeiri kennslufræðilegan skilning.

Margar af þeim stefnum sem farið er eftir í kennslufræðilegum rannsóknum hafa tónlistarlega tjáningu nemandans í miklum forgangi. Eins og sést í kennslufræði almennt þá er þungamiðjan að færast fjær stöðluðum prófum yfir í verkefnaþætti kennslu. Þar sem próf geta haft misgóð áhrif á nemendur þá gæti meiri áhersla á lagasmíðar gert nemendum kleift að iðka sína listgrein á skapandi hátt og einnig væri hægt að setja meira vægi á frumsamin verk í helstu stigsprófum námsins. Þannig væri íslensk kennsluskra að fylgja helstu meginstraumum náms sem studdar eru á rannsóknum og kennslufræðilegum grundvelli.

Á síðustu misserum hefur skapast umræða um endurbætur á námsskránni. Menntamálaráðuneytið er nú að taka fyrstu skrefin í því verkefni og býið er að stofna starfshóp til þess að hugsa námsskrána upp á nýtt. Árið 2020 var gerð rannsókn sem styrkt var af Kennarasambandi Íslands. Hún snerist um að kynna skoðun tónlistakennara á námsskránni. „*Samræming sem átti að ná fram með prófakerfinu hefur ekki tekist að öllu leyti og flestir kennarar hafa óskir um breytingar á prófþætti kerfisins*“. „*Breytingar á almenna skólakerfinu hafa áhrif á nemendur og kallað er eftir nútímavæðingu aðalnámskrárinnar*¹⁴“ segir Ingunn Jónsdóttir rannsakandi. Þegar farið er yfir niðurstöðurnar úr rannsókninni þá kemur í ljós að flestir kennarar nýti sér greinanámsskrárnar en þær henti ekki öllum nemendum. Kerfið hallast

¹⁴ Karen Karólínudóttir og Ingunn Jónsdóttir, „Reynsla tónlistarkennara af aðalnámskrá tónlistarskóla og samræmdu prófakerfi.“ *Kennarasamband Íslands*, (2020): 9-15.

frekar að því að útskrifa nemendur sem færu svo í háskólanám. Kerfið sé í heild sinni heldur þungt fyrir meðalnemanda og sérstaklega eru vísbendingar um að tónstigapátturinn sé of íþyngjandi fyrir nemendur. Nú gæti verið gott að hafa þessa þætti, sem farið hefur verið yfir, til hliðsjónar við gerð nýrrar námskrár til þess að íslensk tónlistarkennsla gæti þróast í rétta átt.¹⁵

Listsköpun getur sprottið upp hjá fólki án þess að það hafi endilega lært að skapa. Eins og einn kennarinn sagði í viðtalinu „*ég held að bestu lagasmíðir heimsinns hafi ekkert endilega verið svona góðir af því að þeir lærðu það eitthvað rosa mikið*“ en fylgdi því þó eftir með „*en það er alltaf hægt að hjálpa fólki og benda þeim í réttar áttir*“. Hvort svo sem maður er að tala um lagasmíðar eða spuna þá getur verið að sumu fólki finnist listsköpun vera yfirþyrmandi. Þar getur lagasmíðakennslan og spunakennslan hugsanlega hjálpað. Með því að kynna fólk fyrir kennslufræðilegum aðferðum að listsköpun, þá er hægt að opna fyrir sköpunargáfu hjá fólki sem það hafði ekki áttað sig á að það byggji yfir.

¹⁵ Karen Karólínudóttir og Ingunn Jónsdóttir, „Reynsla tónlistarkennara af aðalnámskrá tónlistarskóla og samræmdu prófakerfi.“

Heimildaskrá

- Alves, Marcus Vinicius, Marina Rezende, Guilherme Julian, og André Bedendo. „More than Words: Teaching Neurosciences by Songwriting.“ *International Journal of Psychology and Neuroscience*. 1 (desember 2017): 17-19.
- Azzara, Christopher D. „Improvisation“ Í *The New Handbook of Research on Music Teaching and Learning: A Project of the Music Educators National Conference*. Richard Colwell og Carol Richardson ritstýrðu, 171-188. New York: Oxford University Press, 2002.
- „Definition of IMPROVISE.“ *Merriam Webster*, 30. nóvember 2023. <https://www.merriam-webster.com/dictionary/improvise>.
- Norgaard, Martin. „Descriptions of Improvisational Thinking by Artist-Level Jazz Musicians.“ *National Association for Music Education*, 59 (júní 2011): 109-110. [/doi/abs/10.1177/0022429411405669](https://doi.org/10.1177/0022429411405669).
- Dewey, John. *Democracy in Education. The Elementary School Teacher*. Chicago: The University of Chicago Press, 1903
- Dewey, John. *The School and Society and The Child and the Curriculum*. 2. útg. Chicago: University of Chicago Press, 1956.
- Gordon, Edwin. *Rating Scales and Their Uses for Measuring and Evaluating Achievement in Music Performance*. Chicago: GIA Publications, 2002.
- Karen Karólínudóttir og Ingunn Jónsdóttir. „Reynsla tónlistarkennara af aðalnámskrá tónlistarskóla og samræmdu prófakerfi.“ *Kennarasamband Íslands*, (2020): 9-15.
- Lehmann, Andreas C og Reinhard Kopiez. „The Difficulty of Discerning between Composed and Improvised Music.“ *Musicae Scientiae*, 14 (september 2010): 113-129. <https://doi.org/10.1177/10298649100140S208>.
- Mark, Michael, Charles L. Gary. *A History of American Music Education*. 3. útg. Maryland: Rowman & Littlefield Education, 2007.
- „Námskrár.“ Sótt 10 desember 2023. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>.
- Reimer, Bennett. *A Philosophy of Music Education: Advancing the Vision*. 3. útg. New York: State University of New York Press, 2003.
- Sarath, Ed. „A New Look at Improvisation.“ *Journal of Music Theory*, 40 (1996): 8-38. <https://doi.org/10.2307/843921>.